

Kjartan Jónsson

Kjartan er flugstjóri hjá Icelandair og hefur starfað þar síðan árið 2006. Jafnframt hefur hann rekið eigið fyrirtæki síðan árið 1994 sem sinnir markaðs- og útgáfumálum af ýmsu tagi.



Hann var framkvæmdastjóri FÍA árin 2009-2014 og aftur frá byrjun árs til ársloka 2015 og varaformaður félagsins í eitt ár, árið 2016. Þá hefur Kjartan sinnt ýmsum öðrum félagsmálum og sá t.d. um rekstur skátafélagsins Mosverja í Mosfellsbæ og Skotveiðifélags Íslands um árabíl.

Kjartan er með Diploma í Fjármálum og rekstri frá Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og hefur lýst því yfir að hann hafi kynnt sér og uppfylli hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 til setu stjórnar lífeyrissjóða.